



36. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
Þriðjudaginn 17. október 2007, kl. 16:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. **Gildandi samþykktir Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.**
 2. **Fundargerðir:**
 - a. Menningarráð NV
 - b. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 - c. Héraðsnefnd A-Hún.
 3. Erindi frá skólastjóra Tónlistarskóla A-Hún.
 4. Erindi frá Vilko ehf.
 5. Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins.
 6. Tillaga um greiðslu "hvatapeninga", vísað úr bæjarstjórn 1. október sl. til umræðu í bæjarráði.
 7. Fjárhagsáætlun 2008. Gögn verða lögð fram á fundinum.
 - a. Gjaldskrár.
 - b. Styrkir til æskulýðs- og menningarstarfs 2008.
 8. Önnur mál.
-

Afgreiðslur:

1. **Gildandi samþykktir Félagsheimilisins á Blönduósi ehf.**

Stjórn Félagsheimilisins ehf. lagði til á fundi sínum þ. 15. október sl. til að kannað yrði með að mannvirkid og rekstur þess falli undir bæjarráð og er bæjarstjóra falið að kanna hvort það fyrirkomulag sé í samræmi við lög um hlutafélög og opinbera stjórnsýslu. Málið verði rætt nánar á næsta fundi bæjarráðs.
2. **Fundargerðir:**
 - a. **Menningarráð NV**

Fundargerðin er frá 4. október sl. og er lögð fram til kynningar. Fram kemur að afhending styrkja ráðsins fer fram þ. 26. október nk. Formaður bæjarráðs sækir athöfnina að Hólum.
 - b. **Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerðin er frá 28. september sl. og er lögð fram til kynningar.
 - c. **Héraðsnefnd A-Hún.**

Fundur var haldinn þ. 3. október sl. Fundargerðin er lögð fram til kynningar. Varðandi lið-3 í fundargerðinni samþykkir bæjarráð fyrirleggjandi breytingar á endurskoðaðri fjárhagsáætlun Héraðsnefnar 2007. Hækkarir Blönduóssbæjar nema 3.878.984 og skiptast eftirfarandi:
 - Sorpurðun 416.200
 - Eyðing brotamálma -104.050
 - Byggðasafnið á Reykjum 41.620
 - Búfjárefirlit 70.754
 - Endurskoðun 124.860
 - Sæborg 3.329.600
3. **Erindi frá skólastjóra Tónlistarskóla A-Hún.**

Sótt er um styrk til þátttöku ferðakostnaðar á Landsmót skólalúðrasveita að upphæð 91.000 kr. Bæjarráð samþykkir styrkuppþæðina og óskar þátttakendum góðs gengis í starfinu.
4. **Erindi frá Vilko ehf.**

Óskað er svara sveitarfélagsins við því hvort áhugi sé á að nýta forkaupsréttar á eigin hlutafé félagsins að upphæð 79.429. Bæjarráð samþykkir að nýta forkaupsréttinn.
5. **Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins.**



Leitað er fjárhagsaðstoðar. Bæjarráð samþykkir 20.000 kr. rekstrarstyrks.

6. **Tillaga um greiðslu "hvatapeninga", vísað úr bæjarstjórn 1. október sl. til umræðu í bæjarráði.**
Bæjarráð vísar tillögunni til fjárhagsáætlanagerðar 2008 og telur rétt að frístundakort verði skoðuð í tengslum við heildarútgjöld sveitarfélagsins til æskulýðs- og íþróttamála.

7. **Fjárhagsáætlun 2008.**

a. Gjaldskrár.

Lagðar fram til umræðu tillögur að gjaldskrárbreytingum.

b. Styrkir til æskulýðs- og menningarstarfs 2008.

Lagðar fram umsóknir til æskulýðs- og menningarstarfsemi í sveitarfélaginu vegna ársins 2008. Ákveðið að fresta styrkumsóknum til næsta fundar.

Starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla, skóladaðheimilis og íþróttamannvirkja vegna ársins 2008 kynntar. Umræðu vísað til næsta fundar bæjarráðs.

8. **Önnur mál.**

a. Erindi frá Umhverfisráðuneytinu.

Blönduósbær hefur borist bréf frá Umhverfisráðuneyti þar sem óskað er eftir umsögn um kæru Leiðar ehf. vegna matsáætlunar fyrir veg við Svínavatn í Húnavatnshreppi og Blönduóssbæ (Svínavatnnsleið). Skipulagsstofnun hafnaði á sínum tíma tillögu Leiðar ehf. að tillögu að matsáætlun. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.

b. Fundur með þingmönnum kjördæmisins.

Lagt fram bréf frá SSNV þar sem kynnt er að kjördæmavika þingmanna í Norðvesturkjördæmi stendur yfir og er sveitarstjórnarmönnum á svæðinu gefinn kostur á að eiga fund með þingmönnum þ. 26. október nk. Forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs sækja fundinn.

c. Fundur í Veiðifélagi Laxá á Ásum.

Haldinn verður fundur í Veiðifélagi Laxár á Ásum í fundarsal Samstöðu að Þverbraut 1, Blönduósi og hefst hann kl. 14:00 laugardaginn 27. október n.k.. Bæjarráð samþykkir að Jón Aðalsteinn mæti fyrir hönd sveitarfélagsins.

d. Fjármálaráðstefna 2007

Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldinn í Reykjavík daganna 5. og 6. nóvember. Bæjarstjórn ásamt bæjarstjóra og fjármálastjóra sækja ráðstefnuna.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið 17:55.

Amar Þór Sævarsson (sign.)

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)